



Skýrsla stjórnar Félags prófessora við ríkisháskóla starfsárið 2014-2015

Meginhlutverk Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) er að vinna að kjara- og réttindamálum prófessora og standa vörð um réttarstöðu þeirra. Þá er það einnig hlutverk þess að efla vöxt og viðgang háskólastarfs í þjóðfélaginu og styrkja tengsl félagsmanna við starfssystkini innan lands og utan. Loks er félagið málsvari félagsmanna gagnvart yfirvöldum háskólanna og öðrum stjórnvöldum. Stjórn FPR hefur látið kjaramál félagsmanna mjög til sín taka undanfarin misseri. Í þessari skýrslu er fjallað um starfsemi félagsins á liðnu starfsári. Einungis er stiklað á stóru og helstu verkefni nefnd. Stjórnin telur skýrsluna endurspeglar þessi hlutverk félagsins.

Fjöldi félagsmanna

Virkir félagsmenn í FPR voru samtals 314 í mars 2015. Fjórir í Hólaskóla, háskólanum á Hólum í Hjaltadal, sjö í Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri, 25 í Háskólanum á Akureyri og 278 í Háskóla Íslands.

Stjórn Félags prófessora við ríkisháskóla

Stjórn Félags prófessora við ríkisháskóla starfsárið 2014-2015 skipuðu eftirfarandi:

Rúnar Vilhjálmsson HÍ, formaður.

Þórólfur Matthíasson HÍ, varaformaður.

Anna Guðrún Þórhallsdóttir LbhÍ, gjaldkeri.

Gísli Már Gíslason HÍ, meðstjórnandi.

Magnús Gottfredsson HÍ, meðstjórnandi.

Grétar Þór Eypórsson HA, varamaður.

Oddný G. Sverrisdóttir HÍ, varamaður.

Sigurður Konráðsson HÍ, varamaður.

Stjórn Starfsþróunarsjóðs prófessora

Stjórn Starfsþróunarsjóðs prófessora (SP) starfsárið 2014-2015 skipuðu eftirfarandi:

Gísli Már Gíslason, formaður, skipaður af stjórn FPR.

Aðalheiður Jóhannsdóttir, skipuð af stjórn FPR.

Hafliði Pétur Gíslason, skipaður af rektor Háskóla Íslands.

Kristinn Pétur Magnússon, skipaður af rektor Háskólans á Akureyri.

Á starfsárinu voru haldnir 11 stjórnarfundir í FPR. Fjöldi funda voru haldnir með samninganefnd ríkisins (SNR), samráðsnefnd háskólaráðs um kjaramál auk fjölda vinnufunda. Þá voru haldnir tveir almennir félagsfundir.

Starfsmaður

Fastráðinn starfsmaður FPR og SP er Kristín Færseth, framkvæmdastjóri í 50% starfi.

Skrifstofa

Skrifstofa félagsins er í Bændahöllinni við Hagatorg, (2. hæð í suðvestur enda Hótel Sögu). Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 9-13.

Trúnaðarstörf

Fulltrúi félagsins á háskólaþingi HÍ 2014-2016 er Gísli Már Gíslason og varamaður Þórólfur Matthíasson. Í siðanefnd 2014-2016 var skipuð fyrir hönd félagsins, Guðrún Kristjánsdóttir. Skoðunarmenn reikninga félagsins eru Brynjólfur Sigurðsson og Jónatan Þórmundsson. Trúnaðarmenn félagsins eru skipuð stjórn félagsins, en samninganefnd er skipuð formanni, varaformanni og meðstjórnendum félagsins.

Í tengslum við verkfallsboðun félagsins var skipuð kjörstjórn. Í henni sátu Aðalheiður Jóhannsdóttir prófessor sem jafnframt var formaður, Dagný Kristjánsdóttir prófessor, Guðmundur Freyr Úlfarsson prófessor, Herdís Sveinsdóttir prófessor og Sigurður Konráðsson prófessor.

Kjarasamingsviðræður 2014

Mikill tími stjórnar og samninganefndar FPR á starfsárinu fór í kjaraviðræður en kjarasamningar félagsins runnu út 31. mars 2014. Í upphafi ársins ákvað stjórn FPR að fara í samstarf með aðildarfélögum BHM í aðdraganda kjarasamninga. Aðaláherslan var á leiðréttingu á launum háskólafélags. Í viðræðuáætlununum voru kröfur félaganna flokkaðar ýmist sem sérmál eða sameiginleg mál.

Í sérkröfu sinni lagði FPR m.a. áherslu á sérstöðu prófessora og að tekið yrði eðlilegt tillit til hennar við launasetningu. Þróun kaupmáttar heildarlauna og starfsskilyrði hafa verið neikvæð undanfarin ár og aukið vinnuálag vegna niðurfellingar aldursafsláttar en engar kjarabætur komu vegna niðurfellingarinnar. Kaupmáttarskerðing fastra launa prófessora var 16-17% frá árinu 2008. Þá hefur einnig komið til aukin umsýsla vegna fjölgunar nemenda. Jafnframt voru formlegar kröfur til prófessorsstarfs auknar árið 2010. Í stað 270 rannsóknastiga til að flytjast í starf prófessors þurfa nú a.m.k. 180 stiganna að vera aflstig. Engar kjarabætur komu vegna þessara hertu krafna en dæmi voru um lækkun á launum háskólakennara sem fengu framgang í starf prófessors.

Samningaviðræður við viðsemjendur félagsins, samninganefnd ríkisins (SNR) og aðila innan Háskóla Íslands, gengu með eindæmum hægt. Þrátt fyrir fjölmarga fundi var ekki brugðist við kröfum og tillögum samninganefndar FPR með formlegum hætti. Í september boðaði stjórn

FPR til félagsfundar. Fundurinn var fjölmennur og þar kynnti formaður FPR þróun kjaramála og stöðu samningaviðræðna. Fundarmenn lýstu mikilli óánægju með það fádæma þóf og tregðu sem mætt hefði samningamönnum félagsins af hálfu viðsemjenda í meira en fimm mánuði. Töldu fundarmenn nauðsynlegt að undirbúa frekari aðgerðir til þess að koma kjaraviðræðum áfram og ljúka kjarasamningum og sendi frá sér ályktun þess efnis.

Í framhaldinu var gerð könnun þar sem prófessorar voru spurðir um afstöðu sína til boðunar verkfalls 1.-15. desember til að knýja á um gerð kjarasamnings. Niðurstaðan var afgerandi, 67% allra prófessora við ríkisháskóla tóku þátt í könnuninni og voru 83% þeirra samþykkir boðun verkfalls. Þá var boðað til allsherjaratkvæðagreiðslu félagsmanna um boðun verkfalls. Atkvæðagreiðslunni lauk 11. nóvember og samþykktu 80,6% þeirra sem greiddu atkvæði að boðað yrði til verkfalls áður nefnda daga. Eftir að verkfallsboðunin var samþykkt breyttust samningaviðræður við viðsemjendur úr viðræðuþófi í markvissa vinnufundi. Hinn 25. nóvember náðust samningar í Karphúsinu milli samninganefndar Félags prófessora við ríkisháskóla annars vegar og samninganefndar ríkisins og fulltrúa ríkisháskólanna hins vegar. Þar með var boðuðu verkfalli frestað. Á félagsfundi FPR hinn 28. nóvember var kjarasamningurinn kynntur félagsmönnum. Með samningnum var sérstaða prófessorsstarfsins viðurkennd, en það var að mati stjórnar félagsins forsenda þess að hægt væri að ljúka við gerð kjarasamnings. Þá voru launahækkanir, sem samningnum fylgdu, afturvirkar. Stjórnin taldi samninginn vel ásættanlegan og mælti með samþykki hans. Í rafrænni atkvæðagreiðslu sem lauk 8. desember var kjarasamningurinn samþykktur með 95,6% atkvæða. Samningurinn gildi til 28. febrúar 2015.

Kjarasamningsviðræður 2015

Kjarasamningur FPR rann út 28. febrúar sl. og því er ný samningalota hafin. Stjórn félagsins ákvað að vera aftur í samfloti við BHM í byrjun viðræðna. Nú hafa fulltrúar samninganefndar FPR hafa átt nokkra fundi með SNR. Á fyrsta fundi aðila var samkomulag um viðræðuáætlun undirritað og helstu kröfur félagsins fyrir komandi viðræður kynntar. Af hálfu SNR hefur komið fram að þar sem óvenju mikil óvissa ríkir um stöðuna á vinnumarkaðinum kemur ríkið til samningafunda án þess að hafa skýr samningsmarkmið.

Kröfugerð

Meginmarkmið í kröfugerð félagsins í yfirstandandi samningsviðræðum er að skapa skilyrði til að vinna upp kaupmátt ráðstöfunartekna, m.a. til þess að koma í veg fyrir atgervisflotta prófessora, laða hæfa einstaklinga að stöfum prófessora og tryggja að nýráðnir einstaklingar uppfylli alþjóðlegar kröfur til prófessorsstarfs. Stjórn FPR mun leggja aðaláherslu á hækkun og leiðréttingu launa og að launasetning prófessora miðist við nýja launatöflu þar sem færsla milli launaflokka ákvarðast af rannsóknastigum en þrepafærsla af öðrum stigum. Við það verði launabreytingar samkvæmt launatöflu bæði röklegar og gagnsæjar. Auk annarra þátta í kröfugerðinni má nefna álagsgreiðslur, starfsaldurshækkun launa, ákvæði um að Starfsþróunarsjóðinn komi inn í miðlæga kjarasamninginn, aukið fé í kennsluafsláttarsjóð, lífeyrismál, að skattar af styrkjum úr styrktarsjóðum verði afnumdir og ákvæði um réttarstöðu félagsmanna við skipulagsbreytingar.

Stofnanasamningar

Auk hins miðlæga samnings liggur fyrir samkomulag við ríkisháskólana um viðurkenningu á sérstöðu prófessora. Í viðauka við gildandi stofnanasamning félagsins og Háskóla Íslands kemur fram að skólinn hækkar framlag í kennsluafsláttarsjóð frá áramótum 2014/2015.

Reglur um lækkun kennsluskyldu við Háskóla Íslands voru samþykktar í háskólaráði Háskóla Íslands í febrúar sl. Í samkomulagi félagsins við aðra ríkisháskóla er sérstaklega kveðið á um gerð stofnanasamnings fyrir 1. mars 2015 með hliðsjón af stofnanasamningi við Háskóla Íslands. Vinna við gerð þessara stofnanasamninga hófst í janúar og standa vonir til þess að hægt verði að ljúka þeirri vinnu sem fyrst.

Starfsþróunarsjóður prófessora

Starfsþróunarsjóður prófessora var settur á fót í tengslum við kjarasamning félagsins frá árinu 2011. Samkvæmt reglum sjóðsins hafa prófessorar við ríkisháskóla og stofnanir þeirra rétt til að sækja um styrk í sjóðinn. Sjóðfélagar geta fengið styrk eftir að ferð hefur verið farin vegna útlagðs ferðakostnaðar. Þá geta professores emeriti og prófessorar á eftirlaunum sem vinna við rannsóknir á vegum skólans sem þeir voru ráðnir við þegar þeir gegndu föstu starfi, sótt um styrk til ráðstefnuferðar í tvö ár eftir að þeir fara á eftirlaun. Sjóðurinn greiðir ekki dagpeninga.

Fimm úthlutunarfundir voru haldnir á árinu 2014 en samkvæmt reglum skal stjórn sjóðsins koma saman eigi sjaldnar en þrisvar sinnum á ári. Í ljósi tekna og umsókna voru úthlutunarreglur sjóðsins endurskoðaðar í upphafi ársins 2014 og var hámarksupphæð aukin og styrktímabilið stýtt í 12 mánuði í stað 24 mánaða áður. Þetta átti að gera til reynslu í eitt ár en þar sem jafnvægi milli framlags og úthlutunar virðist komið, hefur stjórn sjóðsins ákveðið að halda reglunum óbreyttum á þessu ári. Á almanaksárinu 2014 voru alls veittir 64 styrkir.

Norrænt samstarf

Norræni fundurinn var haldinn í Svíþjóð í byrjun júní á síðasta ári. Á fundinum var launasamanburði gerð góð skil og samantekt gerð á útfærslu á þróun háskólakennslu. Norrænn launasamanburður sýnir að launahlutföll háskólakennara á Íslandi hafa gengið saman á síðustu árum og að laun prófessora á Íslandi er einungis 66-84% af launum prófessora í hinum norrænu ríkjum þegar tekið er tillit til verðlags í löndunum (PPP).

Þá komu á fundinum fram áhyggjur af því að rekstrartekjur háskólanna koma í æ meira mæli í gegn um ytri styrkveitingar. Þá var enn og aftur fjallað um mikilvægi akademísks frelsis og samvinnu meðal háskóla í stað samkeppni.

Félagsfundir

Tveir félagsfundir voru haldnir á starfsárinu. Fyrri fundurinn var haldinn í september sl. þar sem staða kjaraviðræðna var á dagskrá. Fundurinn var vel sóttur og mikill einhugur í félagsmönnum sem sendu frá sér eftirfarandi ályktun sem samþykkt var einróma:

Almennur félagsfundur í Félagi prófessora við ríkisháskóla (FPR) lýsir yfir mikill óánægju með að viðsejendur FPR hafi enn ekki brugðist með formlegum hætti við sanngjörnum kjarakröfum samninganefndar félagsins í yfirstandandi samningaviðræðum.

Fundurinn felur stjórn félagsins að kanna sem fyrst hug félagsmanna til frekari aðgerða til að knýja á um gerð kjarasamnings. Stjórnin meti í framhaldi af því til hvaða aðgera skuli gripið.

Á síðari fundinum var nýr kjarasamningur kynntur félagsmönnum og tilkynnt um boðun rafrænnar atkvæðagreiðslu um samninginn.

Skipulag háskóla – ályktun stjórnar FPR

Stjórn félagsins hefur fjallað um óskýr áform stjórnvalda um skipulag háskólamála á Íslandi, um stofnun einkaháskóla með sameiningu háskólanna á Bifröst, Hvanneyri og Hólum. Af faglegum ástæðum leggst stjórnin eindregið gegn þessum áformum og sendi frá sér eftirfarandi ályktun:

Félag prófessora við ríkisháskóla gerir alvarlegar athugasemdir við framkomin áform stjórnvalda í málefnum opinberra háskóla á Íslandi sem gera ráð fyrir að Landbúnaðarháskóli Íslands á Hvanneyri og Háskólinn á Hólum renni með Háskólanum á Bifröst inn í nýjan einkaháskóla.

Rétt er að hafa í huga að faggreinar landbúnaðarháskólanna tveggja hafa mikilvæga sérstöðu í íslensku háskólakerfi, meðan faggreinar Háskólans á Bifröst skarast mjög við greinar sem fyrir eru í Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík. Þá skortir Háskólann á Bifröst raungreinánám sem gæti nýst við áformaða sameiningu við landbúnaðarháskólana. Af þessum sökum skortir umtalsvert á faglegan ávinning og samlegðaráhrif með sameiningu Háskólans á Bifröst við landbúnaðarháskólana.

Á undanförunum árum hefur þróast umfangsmikið samstarfi milli landbúnaðarháskólanna annars vegar og Háskóla Íslands hins vegar. Þetta samstarf tekur bæði til háskólakennslu og rannsókna og hefur reynst öllum stofnununum farsælt. Áformaður einkarekstur landbúnaðarháskólanna setur samstarfi þessara stofnana rekstrarlegar hindranir og stefnir framtíð þess í tvísýnu.

Einkavæðingu háskólakerfisins á Íslandi hefur jafnan fylgt innleiðing skólagjalda, aukinn námskostnaður nemenda og aukinn heildarkostnaður ríkisins. Um leið eykst ójafnræði nemenda til náms.

Gagnstætt þeim áformum sem nú eru komin fram þarf að efla enn frekar samvinnu og

sambættingu náms í landbúnaðarháskólunum við annað nám í grunnvísindum og sérhæfðum greinum sem í boði eru innan Háskóla Íslands. Þá þarf að halda áfram að styrkja samstarf þessara stofnana í vísindarannsóknum.

Málfundir með rektorsframbjóðendum

Stjórn FPR stóð fyrir þremur málfundum með frambjóðendum í rektorskjöri við Háskóla Íslands, þeim Einari Steingrímssyni, Guðrúnu Nordal og Jóni Atla Benediktssyni. Fyrri tveir fundirnir voru haldnir í mars í Hátíðarsal Háskóla Íslands. Á þessum fundum gerðu frambjóðendur grein fyrir afstöðu sinni til málefna vísinda á Íslandi sem og afstöðu til málefna Háskóla Íslands. Málfundur vegna seinni umferðar rektorskosninga með þeim Guðrúnu og Jóni Atla var haldinn í Háskólabíói um miðjan apríl. Á fundinum gerðu frambjóðendur grein fyrir afstöðu sinni til málefna vísinda og háskólamenntunar almennt og málefna Háskóla Íslands sérstaklega. Fundirnir, sem voru vel sóttir, voru teknir upp og má sjá upptökurnar m.a. á vefsíðu félagsins.

Emerítafundur

Stjórn FPR bauð professores emeriti til árlegs fundar og kvöldverðar 26. nóvember sl. í Safnaðarheimili Fríkirkjunnar. Stjórn félagsins og emerítar áttu þar ánægjulega kvöldstund. Gestur kvöldsins að þessu sinni var Gísli Pálsson, prófessor í mannfræði við Háskóla Íslands og kynnti hann bók sína, *Maðurinn sem stal sjálfum sér*, sem segir frá lífslaupi karabíska þrælsins Hans Jónatans.

Kjarakönnun BHM

Bandalag háskólamanna gekkst í þriðja sinn fyrir rafrænni kjarakönnun sem ætlað er að gefa yfirgripsmikla mynd af kjaramálium félagsmanna. Markmið þessarar árlegu könnunar eru m.a. að veita yfirsýn yfir launakjör háskólamenntaðra og fylgjast með þróun launa þeirra, bæði á almennum og opinberum vinnumarkaði og að leggja grunn að gagnvirkri upplýsingaveitu fyrir félagsmenn um launakjör og launasamanburð. Síðast en ekki síst veitir könnunin aðildarfélögunum mikilvægar upplýsingar til að byggja á við gerð samninga um kaup og kjör. Þátttaka félagsmanna í kjarakönnun af þessu tagi er því mikilvægt framlag félagsmanna og eftir því sem gagnasöfnun vindur fram aukast möguleikar BHM og aðildarfélaga til þjónustu við félagsmenn.

Málefni einstakra félagsmanna

Skrifstofu félagsins bárust á árinu nú sem endranær fjölmörg erindi frá félagsmönnum allra ríkisháskólanna. Erindin voru margvísleg en reynt er að leysa úr þessum erindum eftir bestu getu. Yfirleitt tekst vel að leysa úr þeim og eru félagsmenn hvattir til að leita til félagsins ef aðstoðar eða upplýsinga er þörf.

Starfið fram undan

Afar annasömu starfsári hjá stjórn félagsins er nú að ljúka. Það er jafnframt ljóst að starfið fram undan verður einnig annasamt. Kjarasamningur félagsins við ríkið er runninn út og eru kjarasamningsviðræður hafnar á ný, bæði við samninganefnd ríkisins og stjórnendur ríkisháskólanna vegna stofnanasamninga. Eins og fram kom í inngangi þessarar skýrslu, þá er

eitt helsta hlutverk félagsins að vinna að kjara- og réttindamálum prófessora og standa vörð um réttarstöðu þeirra.

Reykjavík, 12. maí 2015

Fyrir hönd stjórnar Félags prófessora við ríkisháskóla

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Rúnar Vilhjálmsson', written in a cursive style.

Rúnar Vilhjálmsson
formaður